



Reykjavík, 27. september 2021
SFS2021060295
217. fundur
HG/res

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði varðandi stöðu deildarstjóra sérkennslu í Melaskóla

Á fundi borgarráðs, 24. júní 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins í borgarráði fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúa Flokks fólksins barst það til eyrna nýlega að starf deildarstjóra sérkennslu í Melaskóla hefur verið lagt niður. Deildarstjórinn er talmeinafræðingur. Óskað er svara við: 1. Hvers vegna var staða deildarstjóra sérkennslu við Melaskóla lögð niður? 2. Var deildarstjóra sérkennslu Melaskóla, sem er talmeinafræðingur að mennt, boðin staða sem slíkur við skólann þegar staða hennar sem deildarstjóri var lögð niður?

Svar:

Staða deildarstjóra sérkennslu var lögð niður vegna skipulagsbreytinga innan Melaskóla og breytinga á fyrirkomulagi sérkennslu við skólann.

Nýtt fyrirkomulag sérkennslu við skólann gerir ekki ráð fyrir starfi talmeinafræðings. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða býður upp á þjónustu talmeinafræðinga og ekki er talin þörf á frekari þjónustu talmeinafræðings umfram það í Melaskóla.